

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 27. október 2023
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Bjarni Gíslason (Hjálparstarf kirkjunnar), Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands, á Teams), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands), Irma Erlingsdóttir (GRÓ) og Ragnar Gunnarsson (Samband íslenskra kristniboðsfélaga, á Teams).

Bjarni Jónsson (Vinstri græn), Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop (Barnaheill – Save the Children á Íslandi), Jakob Frímagn Magnússon (Flokkur fólksins), Laufey Birgisdóttir (ABC barnahjálpar), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Stella Samúelsdóttir (UN Women á Íslandi), Sjöfn Vilhelmsdóttir (GRÓ-LRT), Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn), Þórarinn Ingi Pétursson (Framsóknarflokkur) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (Samfylking), boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir.

Hluta fundarins sátu að auki: Davíð Bjarnason (utanríkisráðuneytið), Hrafnhildur Sverrisdóttir (Rauða krossinn á Íslandi), Jón Brynjar Birgisson (Rauði krossinn á Íslandi), Hildigunnur Engilbertsdóttir (sendiráð Íslands í Kampala, á Teams), Inga Dóra Pétursdóttir (sendiráð Íslands í Lilongwe, á Teams), Sveinn H. Guðmarsson (sendiráð Íslands í Kampala, á Teams) og Þórdís Sigurðardóttir (utanríkisráðuneytið).

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (09:04)

Formaður fór yfir dagskrá og opnaði fundinn.

2. Ástandið á Gaza (09:05).

Sérfræðingar frá Rauða krossinum á Íslandi sögðu frá stöðunni á Gaza en staðan á svæðinu breytist mjög hratt og neyðin er mikil. Þúsundir hafa látist og fjöldi fólks er fast eða látið í rústum. Um 1,4 milljónir manna eru á vergangi á svæðinu eða um helmingur íbúa. Miklar skemmdir hafa orðið á innviðum á svæðinu en yfir 200 skólar hafa eyðilagst eða orðið fyrir skemmdum. Þá var eina orkuverinu á Gaza lokað vegna umsátursins en rafmagnsleysi og skortur á eldsneyti hafa það í för með sér að um þriðjungur sjúkrahúsa og tvær af hverjum þremur heilsugæslum eru óstarfhæfar en auk þess hefur fjöldi heilbrigðisstarfsfólks látið lífið í átökunum. 4 af 5 skólphreinsistöðvöðum Gaza eru óstarfhæfar sem eykur hættu á yfirfalli og útbreiðslu sjúkdóma. Erfitt hefur reynst að veita mannúðaraðstoð á svæðinu og sinna sjúklingum.

Alþjóðleg mannúðarlög eru samansafn af lögum og reglum sem eiga að takmarka afleiðingar vopnaðra átaka í því skyni að vernda alla sem ekki taka þátt í átökum og setja þannig stríðandi aðilum ákveðin takmörk. Meginreglur mannúðarréttar eru þær að óheimilt er að ráðast á almenna borgara og þeirra eignir. Beita þarf ýtrustu varúð til að draga úr mögulegum skaða sem borgarar og eignir þeirra geta orðið fyrir og auk þess er óheimilt að beita óþarflega miklu valdi og afli. Þá njóta konur og börn sem ekki eru hluti af átökunum sérstakrar verndar sem og heilbrigðisstarfsfólk og starfsfólk mannúðarsamtaka.

Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) hefur átt í tvíhliða trúnaðarsamtölum við aðila átakanna og er í daglegu samtali við aðila beggja megin borðsins til að minna á mikilvægi þess að alþjóðleg mannúðarlög séu virt. Rauði krossinn hefur sent mat, lyf og aðrar nauðsynjavörur frá Egyptalandi til Gaza þegar opnað hefur verið fyrir aðgang á landamærunum en þörfin sé enn mikil.

Starfsmaður utanríkisráðuneytisins benti á að Ísland hafi fordæmt aðgerðir Hamas og að brýnt væri að langvarandi deila Ísraels og Palestínu væri leyst strax.

Fulltrúar þökkðu góða yfirferð og benti fulltrúi utanríkisráðuneytisins á að brýnt væri að langvarandi deila Ísraels og Palestínu yrði leyst svo hægt væri að koma á friði. Fulltrúi nefndi að ástandið væri einnig slæmt í mörgum löndum í Afríku þar sem ekki væri síður þörf á aðstoð, eins og í Eþíópíu, Súdan, Sómalíu sem og í fleiri löndum. Passa þyrfti að þessi lönd og önnur myndu ekki gleymast í umræðunni. Rætt var um orðræðu og viðbrögð vestrænna landa varðandi stöðuna í Úkraínu samanborið við Palestínu og að mörg lönd væru með vestræn lönd í smásjá hvað það varðar.

3. Staða hinsegin fólks í Úganda (09:39).

Starfsfólk sendiráðs Íslands í Kampala fór yfir stöðu hinsegin fólks í landinu eftir að lög og refsingar gegn samkynhneigð voru hert verulega í mars 2023. Samkynhneigð hefur verið bönnuð með lögum í landinu síðan árið 1962 og eru refsingar vegna samkynhneigðar nú með þeim ströngustu í heiminum. Stjórnvöld hafa farið hægar í beitingu laganna en margir höfðu átt von á en ástandið er þó grafalvarlegt. Brot gegn samkynhneigðum hafa þrefaldast frá því að löggin tóku gildi en þó að refsingar hafi ekki aukist hafa fordómar almennings gegn samkynhneigðum aukist mikið. Í Úganda búa um 50 milljónir manna og um 40% þjóðarinnar býr við fátækt. Ísland hefur unnið í tvíhliða þróunarsamvinnu í Úganda frá árinu 2000 og starfar í dag í Buikwe og Namayingo héruðunum. Umræðan um hert lög og refsingar gegn samkynhneigð hefur verið stórt mál á vettvangi framlagsríkja og alþjóðastofnana á svæðinu og ríkir óvissa um hvernig eigi að bregðast við því þegar skýr og alvarleg mannréttindabrot eiga sér stað. Hert lög og refsingar gegn samkynhneigð hafa nú þegar haft áhrif á Úganda, t.a.m. varðandi orðspor og fjárveitingu. Erfiðara hefur reynst að fá fjárfesta til landsins og hefur Alþjóðabankinn ákveðið að stöðva stuðning til nýrra verkefna þar til vernd jaðarhópa í verkefnum er tryggð.

Sendiráð Íslands í Kampala hefur fylgst grannt með stöðu mála og heldur áfram að styðja við lífsbjargandi verkefni í samstarfshéruðum Íslands. Staðan sé metin þannig að brotthvarf Íslands frá Úganda myndi bitna mest á viðkvæmum hópum og lögð sé áhersla á að vinna með samtökum sem styðja við mannréttindi og réttindi hinsegin fólks.

Utanríkismálanefnd hefur fylgst náið með málinu og hefur fengið reglulega upplýsingagjöf frá ráðuneytinu vegna þessa. Spurt var um hvar mörkin myndu liggja og hvað þyrfti að gerast svo að Ísland myndi hætta tvíhliða samstarfi við Úganda. Þetta væri erfið en mikilvæg spurning sem ekki væri til neitt almennilegt svar við. Mikilvægt væri að huga að því hverra hagsmuna sé verið að gæta og hvenær sé tilefni til þess að hætta tvíhliða samstarfi við landið. Fulltrúar ræddu um mikilvægi þess að unnið væri með innlendum félagasamtökum sem þekki til á svæðinu. Framlagsríki á svæðinu hafa fundað reglulega með mannréttindasamtökum, t.a.m. samtökum samkynhneigðra sem hafa lýst því yfir að þau vilji ekki að framlagsríkin dragi sig til baka úr öllu samstarfi við Úganda. Þá hafa Samtökin '78 fundað með þáverandi utanríkisráðherra Íslands og lögðu þau til að stuðningur við innlend samtök sem vinni að málefnum hinsegin fólks í Úganda væri eflur fremur en að Ísland hætti allri starfsemi í landinu.

4. Tvíhliða þróunarsamvinna í Malaví (10:17)

Forstöðumaður sendiráðs Íslands í Lilongwe sagði frá stöðunni í Malaví og helstu verkefnum Íslands þar í landi. Efnahagsástandið í Malaví er sérlega slæmt um þessar mundir og hefur verðbólga mælst í kringum 30% í marga mánuði. Þá hefur langvarandi gjaldeyrisskortur leitt til eldsneytis- og lyfjaskorts í landinu. Í nóvember fer Malaví á fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þess að reyna að tryggja lánveitingu til landsins en þó svo að verði af þeirri lánveitingu er ljóst að það eitt og sér mun ekki duga til þess að laga efnahagsástandið. Frá árinu 2012 hefur Malaví fengið mikið af skammtímalánum frá viðskiptabönkum en vextir á þeim lánum hafa hækkað gríðarlega. Útflutningur frá landinu er mjög takmarkaður og skuldir halda áfram að hækka. Náttúruhamfarir hafa gert illt ástand verra en fellibylurinn Freddy sem reið yfir landið í mars síðastliðnum olli miklu tjóni og uppskerubresti í landinu.

Á næsta ári eru 35 ár frá því að Ísland byrjaði að vinna í Mangochi héraði og á síðasta ári hóf Ísland samstarf við nýtt hérað í Malaví, Nkhotakota, en það er tölvuert fámennara hérað en Mangochi hérað. Á síðastliðnum 35 árum hefur Ísland lagt í miklar fjárfestingar í að bæta hag fátækasta fólksins en sendiráðið vinnur nú að því að kortleggja helstu afurðir og árangur þessa samstarfs. Sem dæmi um árangur í Mangochi héraði er t.d. hægt að nefna að á síðastliðnum 10 árum hefur dregið úr ungbarnadauða um 47%, barnadauða um 53% og 31% úr mæðradauða. Ísland hefur fengið mikið hrós fyrir sína nálgun í þróunarsamvinnu og hve mikill árangur hefur náðst á þeim svæðum sem Ísland hefur unnið á. Í Mangochi sé árangurinn mjög sýnilegur og mælanlegur auk þess sé Ísland óhrætt við að vinna á afskekktum svæðum.

Um miðjan október tók forseti Malaví skóflustungu að nýrri fæðingardeild sem mun rísa á afskekktu svæði í Mangochi héraði fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda. Fæðingardeildin mun koma til með að gjörbreyta lífi fólks í svæðinu en um 100 kílómetrar eru í næsta spítala og er vegurinn þangað illfær marga mánuði á ári.

Borið hefur á vaxandi andúð gegn vestrænum ríkjum í hinu hnattræna suðri og ríki hafa minna þol fyrir afskiptum vestrænna ríkja. Mikilvægt sé að samskipti séu á jafningjagrundvelli og þarf að gæta að várkárni í samskiptum. Mikilvægt sé að þetta sé tvíhliða samstarf þar sem báðir aðilar gefi eitthvað af sér. Utanríkisráðherra Malaví kemur í heimsókn til Íslands í nóvember og mun þá m.a. hitta utanríkisráðherra Íslands og einnig þróunarsamvinnunefnd.

Spurt var hvort stæði til að hætta með verkefnastoðina í Mangochi-héraði þar sem að á næsta ári væri Ísland búð að starfa þar í 35 ár. Ólíklegt er að verkefnastoðin í Mangochi verði sjálfbær

á næstu árum en stór hluti af fjármagni landsins kemur frá framlagsríkjum og alþjóðastofnunum. Því þykir ekki raunsætt að verkefni sem Ísland hefur stutt við í Malaví verði sjálfbær á næstunni. Þá hefur hröð fólksfjölgun einnig áhrif á sjálfbærni verkefna en fólksfjöldi landsins hefur tvöfaldast á 15 árum.

Fulltrúi spurði hvort Ísland hefði íhugað að styðja við smábændur m.t.t. uppskerubrests og til að hægt væri að tryggja matvælaöryggi. Landbúnaður hefur ekki verið áhersluatriði í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu en er þó mjög mikilvæg atvinnugrein í landinu þar sem flestir stunda sjálfspurftarþúska. Mikið af öðrum framlagsríkjum hafa stutt við landbúnað en þó ekki með góðum árangri. Ísland hefur stutt við skólamáltíðaverkefni Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) en þar fá 1500 bændur stuðning við að auka fjölbreytni í sinni ræktun. Verkefnið er bæði mennta- og matvælaöryggisverkefni. Ísland vinnur þannig ekki beint í landbúnaði en styður við bændur með þessum hætti. Þau börn sem eru á svæðum þar sem skólamáltíðaverkefni eru fá mun fjölbreyttari og næringarríkari fæðu en önnur börn.

Rætt var um hvort hægt væri að auka samlegð með GRÓ skólunum og þróunarsamvinnu í Malaví. Fyrrum nemendur úr Sjávarútvegsskóla GRÓ hafa t.a.m. unnið að fiskiverkefnum í Mangochi héraði. Það er stöðug vinna í gangi við að reyna að tengja alla þætti íslenskrar þróunarsamvinnu saman og stöðugt verið að leita leiða við að tengja ólíka þætti saman.

5. Önnur mál (10:55)

Formaður nefndi að einhverjar breytingar hefðu nýlega verið hjá fulltrúum frjálsra félagasamtaka og því þyrftu samtök frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu að skoða hvort þeir fulltrúar sem hafa farið til annarra starfa vilji segja sig úr nefndinni eða hvort þau vilji halda sínu sæti í nefndinni.

Fundi lokið kl. 10:58.